



Borgarráð

Reykjavík, 21. janúar 2025
MSS24120075

Beiðni um tímabundið leyfi frá störfum

Lagt er til að borgarráð samþykki beiðni Eiríks Björns Björgvinssonar um tímabundið leyfi frá starfi sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 2025 í allt að 5 ár í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995. Steinþór Einarsson tekur við sem starfandi sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs þangað til nýr sviðsstjóri verður ráðinn. Stefnt er að því að tillaga vegna undirbúnings ráðningar í starf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs verði lögð fram í borgarráði 30. janúar nk.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf Eiríks Björns Björgvinssonar – Beiðni um tímabundið leyfi frá frá störfum sem sviðsstjóri menningar-
íþróttasviðs, dags. 10. desember 2024.



Reykjavík

Ágæti borgarstjóri.

Ég undirritaður, Eiríkur Björn Björgvinsson kt. 060966-3899, hlaut kosningu sem þingmaður til setu á Alþingi í kosningum sem fram fóru 30. nóvember sl. og mun því taka það sæti þegar þing verður kallað saman, væntanlega í byrjun nýs árs. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu óska ég eftir leyfi frá störfum sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs frá og með næstu mánaðarmótum og til næstu fimm ára eða skemur eftir því sem aðstæður þróast í samræmi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna, þar sem segir:

„Alþingismaður á rétt á leyfi frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár. Afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi á hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. [...]“

Reykjavík 10. desember 2024

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson

sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs.